**Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra**
**Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar**
**Dagsetning: 30. mars, 2022**
**Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 25. mars, 2022**

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Af augljósum ástæðum var ákveðið að helga stóran hluta fundar Þróunarsamvinnunefndar föstudaginn 25. mars stöðunni í Úkraínu. Auk framsögu fulltrúa ráðuneytisins lýstu fulltrúar félagasamtaka – sérstaklega Rauða krossins – aðstæðum í landinu af mikilli þekkingu.

Í umræðum kom fram eindreginn stuðningur nefndarmanna við þá stefnu ráðuneytisins, sem lýst var á fundinum, að stuðningur við Úkraínu sé í formi viðbótarframlaga, það er að hann sé ekki tekinn af áætluðum framlögum til fátækustu ríkjanna.

Fulltrúar ráðuneytisins og félagasamtaka lýstu aðstæðum í Úkraínu og þeim vestrænu ríkjum sem liggja að landinu, þar sem milljónir flóttamanna hafast nú við. Fram kom að búast megi við að milljónir til viðbótar muni safnast saman í flóttamannabúðum á 100 kílómetra löngu belti við landamærin, innan Úkraínu. Það muni kalla á umfangsmikið hjálparstarf. Nefndarmenn lýstu miklum áhyggjum af áhrifum Úkraínustríðsins á þróunarlöndin enda fari nú verð á ýmsum nauðsynjavörum ört hækkandi sem bein afleiðing stríðsins í Úkraínu.

Atli Viðar Thorstsensen lagði fram til umræðu hugmynd um að auka slagkraft íslenskrar þróunarsamvinnu með því að setja um hana ramma sem nefna mætti Team Iceland. Með því mætti ná utan um hina margvíslegu aðila sem koma að þróunarsamvinnu, svo sem utanríkisráðuneytið, atvinnulíf, félagasamtök og skólana í GRÓ.

Fjörugar umræður urðu um hugmyndina. Fram kom að svona *Branding*, eða merking, gæti opnað margvísleg tækifæri bæði hér á landi og í móttökulöndum og jafnvel eflt samvinnu aðilanna. Nefnt var að að stjórnvöld þyrftu að styðja slíkt verkefni til langs tíma og undirbúa það vel. Betra væri að vanda sig en drífa sig. Hugmyndinni er hér með komið á framfæri.

Fulltrúar ráðuneytisins kynntu upplýsingastarf í málefnum þróunarsamvinnu. Hún er með ýmsum hætti og beinist að íslenskum almenningi, enda þróunarsamvinna að því leyti öðruvísi en önnur málefni, sem stjórnvöld veita fé til, að haghafarnir eru fyrst og fremst fátækt fólk í útlöndum.

Sérstaklega lýstu fundarmenn mikilli ánægju með fréttabréfið Heimsljós, sem þægilegt væri að geta lesið í aðgengilegu formi á almennum vefmiðli. Einnig var sagt frá OpenAid vefsíðunni og öðrum verkefnum sem hafa það markmið að upplýsa almenning um nýtingu fjármuna til þróunarsamvinnu.

Með vinsemd og virðingu,

Þórir Guðmundsson
formaður Þróunarsamvinnunefndar